

Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs 6.maí 2010 - Fundargerð -

Fundurinn var haldinn í Skjólbrekku í Mývatnssveit fimmtudaginn 6 maí 2010 og hófst klukkan 14:00. Á fundinn mættu 74 fulltrúar aðildarfélagar, 6 fulltrúar atvinnurekenda með full réttindi á fundinum og 16 almennir sjóðfélagar og gestir. Formaður stjórnar, Sigurður Hólm Freysson, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Formaður gerði tillögu um Hjördísi Þóru Sigurbórsdóttur sem fundarstjóra og Guðmund Baldvin Guðmundsson sem fundarritara og var tillaga hans samþykkt. Fundarstjóri fór yfir boðun fundarins og leitaði eftir athugasemdum um fundarboðun. Ekki komu fram athugasemdir og var fundurinn úrskurðaður lögmætur.

Fundarstjóri kynnti dagskrá fundarins sem var svohljóðandi:

1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Fjárfestingarstefna
4. Breytingar á samþykktum
5. Kosning stjórnar
6. Kosning endurskoðanda
7. Laun stjórnar
8. Önnur mál

Skýrsla stjórnar.

Formaður stjórnar, Sigurður Hólm, flutti skýrslu stjórnar um starfsemi sjóðsins á árinu 2009. Þar kom fram eftirfarandi:

Óhætt er að segja að árið 2009 hafi verið erfitt rekstrarár fyrir Stapa lífeyrissjóð.

Árið einkenndist af frekari efnahagssamdrætti og harkalegri aðlögun hagkerfisins eftir eignabólur undanfarinna ára og efnahagshrunið haustið 2008. Endurskipulagning efnahagslífs og fjármálakerfis hefur gengið hægt fyrir sig og enn ríkir mikil óvissa um afdrif margra heimila og fyrirtækja.

Afkoma Tryggingadeildar sjóðsins var slök annað árið í röð og er tryggingafræðileg staða deildarinnar erfið.

Þeir eignaflokkar þar sem tjón Tryggingadeildar sjóðsins var mest á árinu 2008, héldu áfram að hafa neikvæð áhrif á afkomu deildarinnar. Hér er einkum um að ræða skuldabréf innlendra fyrirtækja. Við mat á þessum eignum í bókum sjóðsins fyrir árið 2008 voru varúðarsjónarmið höfð að leiðarljósi, til að komast hjá ofmati. Því miður reyndust flest þeirra fyrirtækja, sem gefið hafa út skuldabréf á innlendum markaði undanfarin ár, vera mun verr farin en gert var ráð fyrir og endurheimtur mun minni en gert var ráð fyrir. Þá voru mistök gerð í kröfulýsingu fyrir hönd sjóðsins í bú Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka sem ollu enn frekari búsifjum. Kröfur í þessum eignaflokki voru því færðar enn meira niður á árinu.

Mikil óvissa ríkti í lok árs 2008 um mat á afleiðusamningum sem sjóðurinn hafði gert við banka sem fóru í þrot á árinu 2008. Samningar þessir voru einkum gerðir til að verjast gjaldeyrisáhættu. Þrátt fyrir talsverð fundahöld með skilanefndum bankanna á árinu 2009 hefur engin niðurstaða fengist. Samningar hafa ekki náðst og ekki hefur enn komið til kasta dómstóla. Hér er um verulegan óvissupátt að ræða í efnahag sjóðsins og ljóst að niðurstaðan getur haft mikil áhrif á afkomu og efnahag sjóðsins.

Frekari niðurfærslur vegna ofangreindra atriða voru megin ástæða fyrir slakri afkomu Tryggingadeildar. Þá gáfu erlend hlutabréf í eigu sjóðsins einnig slaka ávöxtun, en stór hluti þeirra er í svokölluðum framtaksfjárfestingum. Slíkar fjárfestingar eru gerðar upp með nokkurri tímatöf, sem hafði neikvæð áhrif á afkomu ársins. Gjalddeyrihöft gerðu sjóðnum auk þess erfitt fyrir um að endurskipuleggja erlendar eignir og auka fjárfestingar í skráðum erlendum hlutabréfum. Sjóðurinn hélt því verulega að sér höndum í þessu efni.

Nafnávöxtun Tryggingadeildar á árinu var 1,9% og raunávöxtun neikvæð um 6,2%.

Afkoma allra safna Séreignardeildar var góð og skiluðu öll söfnin góðri raunávöxtun.

Verkefni sjóðsins á árinu mörkuðust að miklu leyti af eftirskjálftum efnahagshrunsins haustið 2008, en verulegur tími fór í vinnu vegna kröfúlýsinga, endurskipulagningar fyrirtækja, samninga um gjaldeyrisvarnir og endurskoðun á verkferlum og innri reglum sjóðsins.

Sjóðurinn átti allmarga fundi með skilanefndum bankanna á árinu 2009 vegna samninga um uppgjör á afleiðusamningum. Lítil árangur hefur orðið af þessum fundahöldum og eru þessi mál enn ófrágengin. Vaxandi líkur eru á að til kasta dómstóla komi við að fá úr þessum málum skorið, en talsvert langt hefur verið á milli skilanefndanna og sjóðanna í því hvernig eðlilegt er að ganga frá þessum samningum.

Kröfúlýsingar í þrotabú fallinna fyrirtækja og aðkoma að endurskipulagningu og nauðasamningum tóku mikinn tíma og er langt í frá lokið. Endurskipulagning margra þessara fyrirtækja hefur reynst mjög langdregin. Almennt hefur niðurstaðan orðið sú að lítið sem ekkert hefur komið upp í kröfur óveðtryggðra kröfuhafa eins og lífeyrissjóða.

Sjóðurinn varð fyrir miklu áfalli um mitt sumar 2009 þegar í ljós kom að lögmansstofa, sem unnið hefur fyrir sjóðinn til margra ára, lýsti kröfum í þrotabú Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. eftir að kröfúlýsingarfrestur var útrunninn. Þetta gerðist þrátt fyrir að lögmansstofan hafi fengið öll tilskilin gögn vegna kröfunnar frá sjóðnum með góðum fyrirvara. Innri endurskoðandi sjóðsins hefur yfirfarið vinnubrögð starfsmanna sjóðsins og staðfest að þeir fóru að þeim reglum sem sjóðurinn hafði sett um þetta efni. Til að koma í veg fyrir að svipuð slys geti gerst í framtíðinni hafa reglur að þessu leyti verið yfirfarnar og nákvæmari lýsingar settar inn bæði í reglur sjóðsins sjálfs og í samning við lögmansstofu.

Um er að ræða háa kröfu eða um 4,4 milljarða króna, sem augljóslega skiptir sjóðinn verulegu máli. Brugðist var við með því að setja þegar af stað vinnu við að fá samþykki annarra kröfuhafa við að koma kröfunni að. Ekki er enn komin niðurstaða í hvort sjóðurinn hefur árangur sem erfiði í því efni. Jafnframt hefur sjóðurinn leitað lögfræðilíta á því hvort krafan muni komast að, þrátt fyrir vanlýsingu, komi til nauðasamninga um þrotabúið eins og stefnt er að. Niðurstaða þessara lögfræðilíta er á þá leið að krafan komist að við þær aðstæður. Til þess að fá úr því skorið verður þó væntanlega að höfða viðurkenningarmál. Þrátt fyrir þetta var það mat stjórnenda sjóðsins, að svo mikil óvissa ríkti um afdrif kröfunnar, að ekki væri annað verjandi en að færa hana niður að fullu. Þessi niðurfærsla hafði veruleg áhrif til hins verra á afkomu sjóðsins á árinu og gerir tryggingafræðilega stöðu sjóðsins lakari um 1-2%.

Í kjölfar ofangreinds máls sagði sjóðurinn upp samstarfssamningi við lögmansstofuna sem unnið hefur fyrir sjóðinn. Þjónustan var boðin út og á grundvelli útboðsins var ákveðið að taka tilboði frá Pacta lögmansstofu/Lögheimtunni og hefur sjóðurinn gengið frá samningi við stofuna. Bæði er um að ræða þjónustu á sviði innheimtu og lögfræðiráðgjafar.

Mikil vinna hefur verið lögð í að skjalfesta og skerpa á öllum ferlum í starfsemi sjóðsins. Fjárfestingarstefna var yfirfarin, sem og stefnur undirsafna, þar sem heimildir og áhættuviðmið voru betur skilgreind, þ.m.t. viðmið vegna mótaðilaáhrættu sem lítil gaumur hafði verið gefinn fyrir efnahagshrunið. Einnig hafa reglur um innheimtuaðgerðir og kröfúlýsingar verið endurskoðaðar og sett inn nákvæmari lýsing, eins og áður hefur komið fram. Þá hafa allir ferlar verið settir upp með myndrænum hætti.

Miklar fréttir hafa verið af samningum lífeyrissjóðanna og stjórnvalda um aðkomu sjóðanna að ýmis konar verkefnum á vegum stjórnvalda. Hafa þessi samtöl verið á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða og hefur Stapi lífeyrissjóður ekki komið að þeim með beinum hætti. Samtöl Landssamtakanna eru að þessu leyti óskuldbindandi fyrir sjóðinn. Þó hefur sjóðurinn komið að einu verkefni, með því að undirrita viljayfirlýsingu um fjármögnun vegna byggingu nýs Landsspítala.

Fjármálaeftirlitið gerði reglubundna úttekt á starfsemi sjóðsins í nóvember 2009. Niðurstaða úttektarinnar var að starfsemi sjóðsins væri í viðunandi horfi. Eftirlitið kom með ýmsar ábendingar og athugasemdir, sem sjóðurinn hefur brugðist við. Í nokkrum tilfellum er um álitamál að ræða sem lúta að túlkun laga um lífeyrissjóði, sem ekki hefur fengist óyggjandi niðurstaða um.

Mikill styr stendur um rekstur lífeyrissjóðakerfisins nú um þessar mundir. Það mikla hrun sem varð hér í efnahagslífinu á árinu 2008 hafði að sjálfsögðu áhrif á alla og óraunhæft að ætla annað en slík skakkaföll bitnuðu á lífeyrissjóðum. Við hjá Stapa höfum leitast við að byggja upp fjárfestingarstefnu á varfærnum fjárfestingarkostum og vorum til að mynda komnir að mestu út af innlendum hlutabréfamarkaði þegar hrunið skall á okkur. Sú umræða að sjóðurinn hefði getað fjárfest í ríkispappírnum og innlánnum er óraunhæf og nægir að nefna að stærð ríkisskuldabréfamarkaðarins var í byrjun hrunsins um 35 % af heildareignum lífeyrissjóða. Þá má líka benda á að innstæður voru á þeim tíma jafnrétttháar skuldabréfum á bankana en leikreglum var breytt með gífurlegu tjóni fyrir lífeyrissjóðakerfið í heild.

Stjórnin þakkar framkvæmdastjóra og starfsmönnum gott samstarf á árinu. Sömu þakkir eru færðar til lífeyrisþega, sjóðfélaga og launagreiðenda sjóðsins.

Að lokum þakkaði Sigurður Hólm framkvæmdastjóra og starfsmönnum gott samstarf á árinu. Sömu þakkir eru færðar til lífeyrisþega, sjóðfélaga og launagreiðenda sjóðsins.

Ársreikningur og tryggingafræðilegt mat

Framkvæmdastjóri, Kári Arnór Kárason, kynnti ársreikning sjóðsins 2009. Hann fór yfir áritun endurskoðanda og gerði grein fyrir ársreikningnum. Helstu tölur í ársreikningi voru eftirfarandi: (í millj. króna)

	2009	2008
Iðgjöld	5.121,5	5.209,5
Lífeyrir	(3.082,8)	(2.374,8)
Fjárfestingatekjur	2.648,1	1.057,0
Fjárfestingagjöld	(50,4)	(53,3)
Rekstrargjöld	(76,9)	(84,3)
Hækkun á hreinni eign	4.559,5	3.754,1
Hrein eign frá fyrra ári	<u>95.743,6</u>	<u>91.989,5</u>
Hrein eign í árslok	100.303,1	95.743,6

	2009	2008
Fasteignir	68,8	70,4
Verðbréf með br. tekjum	40.132,9	35.585,4
Verðbréf með f. tekjum	51.749,6	35.820,1
Veðlán	1.172,3	1.220,8
Bankainnistæður	2.321,7	6.137,5
Kröfur	703,3	1.975,7
Aðrar eignir	9.873,6	20.635,5
Skuldir	<u>(5.722,4)</u>	<u>5.701,9</u>
Hrein eign í árslok	100.303,1	95.743,6

Kári fór yfir þær breytingar sem orðið hafa á iðgjaldagreiðslum til sjóðsins en raunbreyting iðgjalda til tryggingadeildar lækkuðu um 224 milljónir króna frá fyrra ári. Hann fór yfir þróun sem orðið hefur á atvinnugreinaskiptingu en mikill samdráttur hefur orðið á iðgjöldum frá byggingariðnaði á liðnum árum en á sama tíma hefur hlutfall sjávarútvegs og opinberrar þjónustu aukist. Hann fór yfir þróun lífeyrisgreiðslna og hlutfallslega skiptingu lífeyrisgreiðslna og ýmsar upplýsingar um örorku s.s. ástæður örorku. Fram kom að lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar jukust um 407 milljónir króna milli ára.

Hann fór yfir samanburð á fjárfestingartekjum síðustu ára og áhrif niðurfærslu en sjóðurinn færði niður 7,1 milljarð á árinu 2009 og niðurfærsla síðustu tveggja ára nemur samtals 18,5 milljörðum króna. Hann sýndi fram á að setning neyðarlaga um innstæðutryggingar hefði haft veruleg áhrif á afkomu sjóðsins og taldi tapið vera á bilinu 4-8 milljarða króna vegna þeirra. Þó bæri að hafa í huga að þrátt fyrir miklar niðurfærslur hefðu fjárfestingartekjur sjóðsins verið jákvæðar bæði þessi ár, þ.e. tekjur voru hærri en niðurfærslur á þessu tíma. Ekki hafi því gengið á höfuðstól sjóðsins. Hann rakti svokallað Straumsmál, hvað gerst hefði og hvaða aðgerða hefði verið gripið til í kjölfarið. Hann sagði að enn væri verið að reyna að afla samþykki annarra kröfuhafa fyrir að koma kröfunni að en erfiðlega gengi að fá erlenda kröfuhafa til að klára málið. Þá gerði hann grein fyrir því að ef gengið væri til nauðasaminga opnast möguleiki á að höfða viðurkenningarmál til að koma kröfunni að og ef samþykki kröfuhafa næðist ekki yrði sú leið farin. Í máli hans kom fram að auðvitað bæri hann og stjórn sjóðsins ábyrgð á rekstir hans. Ef mat manna væri að hann ætti að víkja, vegna þessa máls, þá myndi hann að sjálfsögðu gera það og aðstoða sjóðinn í að koma nýjum aðila inn í starfið, með eins auðveldum hætti og hægt væri. Hafa yrði í huga að þeir sem fengnir væru til að vinna fyrir sjóðinn væru ekki að vinna undir hans stjórn og hann hefði ekki boðvald yfir þeim, eða gæti staðið yfir þeim þegar þeir væru að vinna sín störf. En ef talið væri að hann bæri ábyrgð á þessu þar sem það hefði skeð á hans vakt þá myndi hann taka því. Hann hefði ekki fengið slík boð frá stjórn - sem samkvæmt lögum væri sá aðili sem réði og ræki framkvæmdastjórna - og meðan svo væri ekki reyndi hann að gera allt sem í hans valdi stæði til að komast hjá því að þessi uppákoma myndi valda tjóni fyrir sjóðinn. Með því móti reyndi hann að axla sína ábyrgð og enn væru ekki komin úrslit í því máli.

Kári fór yfir þróun heildarkostnaðar sjóðsins, hann var 0,14% af heildareignum samanborið við 0,16% á árinu 2008 en hlutfall kostnaðar hefur lækkað í takt við þau markmið sem sett voru við sameiningu Lífeyrissjóðs Austurlands og Lífeyrissjóðs Norðurlands.

Hann fór sérstaklega í gegn um niðurfærslur þær sem gerðar hafa verið og hvaða áhrif þær hafa haft. Hann benti á samsetningu fjárfestingarmöguleika fyrir hrún, en um 55% af markaðnum hafi verið hlutabréf á meðan 14% markaðarins voru ríkisskuldabréf. Lífeyrissjóðirnir átta hins vegar 59% af ríkisskuldabréfum á markaði og um 10% af hlutabréfamarkaðnum, þannig að sögur um að lífeyrissjóðirnir hefðu verið að stýra hlutabréfamarkaðnum væru alrangar. Hann benti á að nú væri að koma upp sú staða að lífeyrissjóðir gætu staðið frammi fyrir því að ávöxtun á ríkisbréfum færi niður fyrir reiknivexti lífeyrissjóða þ.e. 3,5%. Það hefði í för með sér að sjóðirnir yrði að taka

ákvörðun um að auka áhættu eða halda áfram að fjárfesta í ríkisbréfum og þá skerða réttindi sjóðfélaga frekar. Þetta væri ekki auðveld ákvörðun en taka yrði á þessu þegar og ef þessi staða kæmi upp.

Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur sjóðsins fór yfir tryggingafræðilega athugun. Hann fór yfir með fundarmönnum helstu hugtök og aðferðarfræði og forsendur tryggingafræðilegrar athugunar. Þá rakti hann þá breytingu sem varð á tryggingafræðilegri stöðu en tryggingafræðileg afkoma var neikvæð um 8.239,1 milljónir króna. Tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð í árslok um 21.145,1 milljónir króna eða um 10,8%. Hann greindi frá því að staðan væri innan leyfilegra marka skv. lögum en taldi óvarlegt að hafast ekkert að. Hann fór yfir þá tillögu um réttindabreytingu sem lögð yrði fyrir fundinn og væri í fundargögnum og hvað áhrif hún hefði. Hann sagði kosti tillögunnar að lífeyrir héldist óbreyttur og því yrðu lífeyrisþegar ekki fyrir röskun á högum en hins vegar væri ljóst að sjóðurinn yrði lengur að ná jafnvægi. Þá bar hann saman þær skerðingar sem sjóðirnir væru að framkvæma og í máli hans kom fram að tveir sjóðir væru í nokkrum sérflokki þ.e. Söfnunarsjóðurinn sem ekkert hefði þurft að skerða á s.l. tveimur árum og Stapi sem væri að skerða um 5%.

Eftir kynningu á ársreikningi og tryggingafræðilegu mati gaf fundarstjóri orðið laust. Árni Pálsson lögmaður kvað sér hljóðs en hann var áður lögfræðingur sjóðsins. Hann fór yfir málaárvöxtu í Straumsmálinu og lýsti hvernig misktök lögfræðiskrifstofu sinnar hefðu leitt til þess að kröfunni var ekki lýst innan tilskilins frests. Þá fór hann yfir hvað gert hefði verið frá því að mistökkin hefðu orðið ljós og hvaða möguleikar væru í stöðunni. Hann taldi fráleitt að hægt væri að skella skuldinni á stjórn og framkvæmdastjóra. Sama vinnureglan hefði verið viðhöfð í áratug og aldrei hefði komið til slíkra mistaka og því alfarið við sig að sakast í þessu máli. Hann sagði að tryggingafélagi sínu hefði verið gert viðvart en lögboðin trygging dyggði skammt fyrir því tjóni sem sjóðurinn kynni að verða fyrir. Hann baðst afsökunar á mistökum sínum.

Agnes Einarasdóttir spurðist fyrir um niðurfærslur, kröfu á Straum og aðgerða sem sjóðurinn hefði gripið til. Framkvæmdastjóri svaraði fyrirspurnunum.

Að svo búnu var ársreikningur sjóðsins borinn fram til samþykktar og var hann samþykktur samhljóða. Þá var gert kaffihlé.

Fjárfestingarstefna

Jóna Finndís Jónsdóttir, sjóðstjóri, fór yfir fjárfestingarstefnu sjóðsins. Hún fór í gegn um fjárfestingarmarkmið sjóðsins sem eru fjögur: i) Að ná að ávaxta sjóðinn þannig að hann standi undir skuldbindingum ii) Ná a.m.k. 5% árleg raunávöxtun að meðaltali á hverju 5 ára tímabili iii) Ná 1-2% ávöxtun umfram verðbréfragrunn (viðmiðunarvísitölu) að meðaltali árlega á hverju 5 ára tímabili iv) Ná a.m.k. 0,5-1% ávöxtun umfram meðalsjóðinn á hverju 5 ára tímabili. Hún rakti breytingar á fjárfestingarstefnu en markmið þeirra er að draga úr áhættu vegna lakrar tryggingafræðilegrar stöðu sjóðsins.

Einnig fór hún yfir ávöxtun séreignarsafna árið 2009 og afkomu safna það sem af er ári 2010.

Breytingar á samþykktum

Framkvæmdastjóri kynnti breytingar á samþykktum sjóðsins sem lagðar höfðu verið fyrir fundarmenn. Um er að ræða greinar 27.2, 27.4., 27.7, 30.4 og 30.5 er snerta séreignarsparnað og eru í raun leiðréttingar og breytingar sem féllu niður á síðasta ári. Þá er ný réttindatafla í viðauka A vegna breytinga á lífslíkum og lækkar hún um 1,403%. Þá er enn fremur lögð fram breyting á réttindum sjóðfélaga í viðauka C og er breytingin svohljóðandi:

Við viðauka C bætist:

- „Frá 1. maí 2010 að telja skulu réttindi og lífeyrir lækka um jafngildi þeirrar hækkunar, sem verður á vísitölu neysluserðs til verðtryggingar, þar til lækkunin þannig reiknuð, hefur náð 5% (þ.e. þar til vísitala neysluserðs til verðtryggingar hefur hækkað um 5% frá þeirri vísitölu sem tók gildi 1. maí 2010 án þess að lífeyrir eða réttindi hafi hækkað frá því sem þau voru í apríl 2010). Lækki vísitala neysluserðs í einhverjum mánuði áður en ofangreindri 5% lækkun er náð, skal lífeyrir og réttindi ekki lækka, nema að því marki sem lækkun vísitölu neysluserðs verði meiri en sú lækkun sem þegar hefur orðið vegna framangreindra aðgerða. Breytingar þessar taka til lífeyris, sem og til réttinda sem áfallin voru fyrir 1. maí 2010 og til réttinda vegna innborgana til þess tíma er ofangreindri 5% lækkun er náð. Þegar 5% lækkun hefur verið náð skal miðað við að hún nái til allra réttinda vegna iðgjalda sem fallin voru í gjalddaga í þeim mánuði. Þá er réttindatafla sjóðsins skv. viðauka A í samþykktum lækkuð um 1,403% til að mæta kostnaðaraukningu við aukna ævilengd mv. töflur 2004-2008.“

Að lokinni yfirferð Kára bar fundarstjóri upp breytingar á samþykktunum og svo samþykktir sjóðsins í heild sinni með áorðnum breytingum og voru þær samþykktar samhljóða.

Kosning stjórnar

Fundarstjóri gerði grein fyrir reglum um kjör stjórnar en skv. þeim eiga atvinnurekendur að kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára á þessum ársfundi en stéttarfélög einn. Samþykktir geri ráð fyrir að gert verði hlé á fundi meðan launþegar ráði ráðum sínum og var gert stutt kaffihlé.

Að kaffihléi loknu kynnti fundarstjóri tilnefningu stjórnarmanna fyrir hönd launþega:

Aðalmaður: Þórarinn Sverrisson Til vara: Aðalsteinn Árni Baldursson

Þá greindi Anna María Kristinsdóttir frá kjöri atvinnurekenda:

Aðalmaður: Anna María Kristinsdóttir Til vara: Ágúst Torfi Hauksson

Aðalmaður: Sigurður Jóhannesson Til vara: Þorbjörg Þorfinnsdóttir

Kosning endurskoðanda

Stjórnarformaður bar fram tillögu stjórnar sem gerð var eftir útboð og tillögu endurskoðunarnefndar. Lögð var fram tillaga um Deloitte ehf. Akureyri, Knút Þórhallsson og Ragnar Jóhann Jónsson og var tillagan samþykkt samhljóða.

Laun stjórnar

Lögð var fram tillaga um 5% lækkun stjórnarlauna frá fyrra ári. Stjórnarlaun verði kr. 42.750 á mánuði, formaður stjórnar fær tvöfalda þá upphæð og varamaður fær kr. 21.375 fyrir setinn fund. Fyrirspurn kom um vinnuframlag stjórnarmanna og svaraði formaður stjórnar fyrirspurninni. Var tillagan að því búnu lögð fyrir og samþykkt samhljóða.

Önnur mál

Agnes Einarsdóttir kvað sér hljóðs og gerði grein fyrir skoðun sinni vegna Straumsmálsins og gagnrýndi framkvæmdastjóra fyrir andvaraleysi í málinu. Hún óskaði eftir eftirfarandi bókun:

„Ég tel að framkvæmdastjóri hafi borið ábyrgð gagnvart stjórninni og sjóðsfélögum á því að lýsa kröfu sjóðsins í þrotabú Straums Burðaðs. Hann sé jafn ábyrgur gagnvart þeim aðilum þótt hann hafi falið lögmannsstofu framkvæmd verksins. Án þess að fullyrt sé um það tjón sem af leiðir, tel ég að með því að láta undir höfuð leggjast að fylgja því eftir að krafan væri lögð fram innan tilskilins tíma hafi Kári Arnór Kárason framkvæmdastjóri Stapa, vanrækt starfskyldur sínar svo alvarlega að stjórninni beri að segja honum upp störfum.“

Gunnar Magnússon bar fram tillögu um að gerð yrði skoðanakönnun um traust á framkvæmdastjóra. Var tillagan skoðuð og vísað til þess að í grein 3.10.8 í samþykktum segir að tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Nokkrar vangaveltur urðu um málið og hvatti framkvæmdastjóri til þess að tillagan yrði tekin til afgreiðslu, en áður en ákvörðun lá fyrir um það efni dró Gunnar tillöguna til baka.

Fundarstjóri bar upp tillögu um að henni ásamt fundarritara yrði veitt heimild til að ganga frá fundargerð og var það samþykkt.

Sigurður Hólm formaður þakkaði að því loknu fundarmönnum góðan fund og óskaði fundarmönnum góðrar heimferðar.

Að svo búnu sleit hann fundi kl. 17:30,

Fundarstjóri:
Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir

Fundarritari:
Guðmundur Baldvin Guðmundsson